


Leikskólinn Örð

Ársskýrsla

2018-2019



Leikur einn
LEIKSKÓLINN ÖRÐ

Júní 2019

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Leikskólastjóri

Efnisyfirlit

| | |
|-------------------------------------|----|
| Inngangur..... | 3 |
| Um leikskólann..... | 3 |
| Skóli | 4 |
| Aðbúnaður | 4 |
| Stefnur | 4 |
| Skipulag..... | 5 |
| Starfsmenn..... | 6 |
| Fjöldi starfsmanna | 6 |
| Símenntunaráætlun /starfsþróun..... | 7 |
| Starfsdagar..... | 7 |
| Börn..... | 8 |
| Sérkennsla | 9 |
| Jólamánuður | 10 |
| Hefðir..... | 10 |
| Útskrift..... | 11 |
| Útskriftaferð | 11 |
| Íþróttir..... | 11 |
| Dagur leikskólans | 11 |
| Foreldrasamstarf..... | 12 |
| Bókasafn..... | 12 |
| Tónlistaskóli | 12 |
| Grunnskóli..... | 12 |
| Nemar | 14 |
| Félags og skólaþjónusta..... | 14 |
| Mat á skólaári síðasta árs..... | 15 |
| Innra mat..... | 17 |
| Foreldrakönnun | 17 |
| Starfsmannasamtöl: | 18 |
| Umbótaáætlun | 18 |
| Lokaorð | 19 |

Inngangur

Lög um leikskóla 90/2008

5. gr. Leikskólastjóri. Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.

Ársskýrsla þessi er unnin af leikskólastjóra og í henni eru upplýsingar um starfið í leikskólanum skólaárið 2018-2019

Um leikskólann

Rangárþing eystra á og rekur leikskólann Örk. Sveitastjóri hefur yfirumsjón með rekstri hans fyrir hönd hreppsnefndar og er hann næsti yfirmaður leikskólastjóra.

Örk er fimm deilda leikskóli starfræktur á Hvolsvelli í þremur húsum með sameiginlegt útivistarrými. Deildarnar eru að mestu aldursskiptar og eru yngri börnin á Draumalandi og Óskalandi en eldri börnin á Undralandi, Ævintýralandi og Tónalandi. 99 börn stunduðu nám við leikskólann í vetur. Síðasta aðlögun var í lok apríl. Árinu er skipt í þrjár annir: haustönn, vorönn og sumarönn. Upphaf haustannar fer að miklum hluta í aðlögun barna á milli deilda og nýrra barna en flest börnin byrja í lok ágúst eða byrjun september. Þó byrja börn á öðrum tímum eins og barngildi og húsrúm leyfir. Sumarönnin er töluvert frábrugðin haust og vorönn þar sem starfsemin flyst mikið til út í góða veðrið.

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir var leikskólastjóri í vetur. Sólbjört útskrifaðist með B.ed gráðu frá HÍ 2011 og hefur starfað í Örkinni síðan í júlí 2017.

Aðstoðarleikskólastjóri var Valborg Jónsdóttir leikskólakennari. Valborg útskrifaðist frá Kennaraháskólanum árið 2003. Hún hefur starfað í leikskólanum frá árinu 2013.

Gréta Helgadóttir, iðjuþjálfari var umsjónarmaður sérkennslu.

Skóli

Í starfi leikskólans leggjum við áherslu á frumkvæði einstaklingsins og leikgleði undir kjörorðinu „Leikur einn“.

Markmið leikskólans eru að barnið nái þeim þroska sem því er mögulegt í leik- og gleðiríku umhverfi. Í aðalnámskrá leikskóla er yfirlýst markmið um starfsemi leikskóla að efla hina ýmsu þroskaþætti, líkamsþroska - og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmunarþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund. Þroski barnsins á öllum þessum sviðum og velferð þess er það sem við viljum sjá dafna. Leikurinn er okkar helsta og besta kennsluáðferð.

Aðbúnaður

Leikskólinn er í 3 húsum sem öll tengjast á sama útisvæði. Elsta deildin er á Undralandi og þar eru 21 barn fædd 2013. Í Stóra Dímoni eru 2 deildir, Tónaland með 24 börn fædd 2014 og 2015 og svo Ævintýraland með 19 börn fædd 2014 og 2015. Á Litla Dímon eru 2 deildir, Óskaland með 18 börn fædd 2016 og 2017 og Draumaland með 16 börn fædd 2017 og 2018.

Keyptir voru 5 ípadar inná deildir því verið var að taka inn nýtt kerfi þar sem börn eru skráð inn rafrænt og einnig tókum við upp viðverukerfi fyrir starfsmenn og ípadar nýttir fyrir starfsmenn að skrá sig inn og út.

Keypt voru ný spil. Bókakostur endurnýjaður og nýr prentari keyptur í undirbúningsherbergi starfsmanna. Keyptir voru 6 nýir stólar í undirbúningsherbergi og keyptir voru stólar fyrir starfsmenn á deildir.

Teknir voru í notkun nýir ræstingavagnar fyrir ræstinguna sem og moppur og tuskur sem voru endurnýjuð.

Stefnur

Hugsmíðahyggja er sú stefna sem við völdum að hafa að leiðarljósi í starfi okkar í leikskólanum.

Hugsmíðahyggja er samsafn kenninga um nám. Þar má meðal annars nefna kenningar Jean Piaget og Lev Vygotsky um uppbyggingu þekkingar og einnig kenningu John Dewey um nám á forsendum nemandans og þeirrar reynslu sem hann verður fyrir.

Hugsmíðahyggja fjallar um að börn læri með því að nota fyrri hugmyndir sínar og byggja þannig upp reynslu, þekkingu, færni og viðhorf. Þau nýta reynslu sína og mynda úr henni heildstæðan skilning. Raunverulegur skilningur felur í sér að barnið tengir nýtt nám við fyrri reynslu sína og þekkingu og að þannig verði til ný þekking. Þar sem þetta tvennt tengist saman í órjúfanlega heild og verður barninu tamt svo það geti beitt því við nýjar aðstæður og notað sem undirstöðu undir frekara nám.

Hugmyndafræðin felur í sér að skólastarf á ekki eingöngu að snúast um að mata barnið á upplýsingum og staðreyndum heldur að það tileinki sér þekkingu og skilning. Í skólastarfinu er lögð áhersla á ígrundun, lausnaleit, rökhugsun, skilning og beitingu þess sem lært hefur verið. Með því verða börnin leitandi og gagnrýnin, kunna að leita lausna og taka ígrundaðar ákvarðanir sem byggðar eru á gildismati.

Þegar við skilgreinum hugtakið hugsmíðahyggja, gerum við það út frá því:

- að nám einkennist af virkni barnanna
- að börnin byggji upp þekkingu á þeim reynsluheimi sem þau lifa í
- að börnin vinni lausnamiðaða verkefnavinnu ýmist ein eða í hópi
- að börnin noti gagnrýna hugsun í tengslum við upplýsingaleit, úrvinnslu og umbreytingu þeirra í nýja þekkingu.

Skipulag

Dagskipulag er mismunandi eftir deildum.

Grunnskipulag leikskólans er það sama og það er :

7:45 Leikskólinn opnar

8:15 Morgunmatur

10:00 Hópastarf

11:00 Yngri börnin borða hádegismat

11:30 Eldri börnin borða hádegismat

12:00 Allir í hvíld

13:00 Leikur

14:30 Síðdegishressing

17:15 Leikskólinn lokar

Starfsmenn

Vel gekk að manna leikskólann þetta haustið. Leikskólinn var fullmannaður og gat því vel tekið við þeim fjölda barna sem áætlað var að yrði í leikskólanum þetta skólaárið.

Miklar breytingar urðu á barnafjölda um haustið en áætlað var að börnin yrðu 86 en þau urðu 99 í lok apríl þannig leikskólinn var fullur.

Auglýst var eftir aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra en engin sótti um svo Gréta Helgadóttir og Valborg Jónsdóttir voru endurráðnar út þetta skólaár.

4 starfsmenn voru í námi í leikskólakennarafræðum, einn frá Háskólanum á Akureyri og 3 starfsmenn frá háskóla í Póllandi. Einn starfsmaður fór í nám í leikskólaliða og einn starfsmaður fór í sambærilegt nám á Spáni.

Rúmt var um starfsmenn á deildum og gert var ráð fyrir að deildarstjórar færu í undirbúning alla daga milli klukkan 14:00 og 16:00. Það gekk að mestu leiti vel. Aðrir starfsmenn fengu undirbúning sem deildarstjóri úthlutaði. Leikskólakennarar fengu 4 klst á meðan leiðbeinendur fengu 1 klst í undirbúning vikulega. Einnig nýttu starfsmenn tíma sem gafst ef þeir þurftu auka undirbúning.

Fjöldi starfsmanna / Í lok apríl 2019

| Gerð starfs | Starfsmenn |
|---|------------|
| Aðstoðarleikskólastjóri (aðallega við stjórnun) | 1 |
| Leikskólastjóri (aðallega við stjórnun) | 1 |
| Deildarstjóri í leikskóla | 5 |
| Leikskólakennari | 2 |
| Grunnskólakennari | 1 |
| Umsjónarmaður sérkennslu | 1 |
| Aðstoðarmatráður | 1 |
| Matsveinn | 1 |
| Háskólamenntaður starfsmaður í leikskóla | 1 |
| Leiðbeinandi í leikskóla | 22 |
| Aðstoðarleikskólakennari | 1 |
| Ræstitæknir | 2 |

Símenntunaráætlun /starfsþróun

Starfsfólk tekur þátt í námskeiðum á starfsdögum auk þess sem allir starfsmenn fara á Haustþing starfsmanna leikskóla á hverju hausti. Skólaþjónusta Rangárvallasýslu stendur fyrir afar fjölbreyttum og metnaðarfullum námskeiðum á hverri önn og eins stendur starfsfólki til boða að sækja sér námskeið hjá skólaþjónustu Árneshlíða. Einhverjir starfsmenn hafa einnig sótt sér námskeið á eigin vegum t.d. hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Leikskólinn greiðir námskeiðskostnað að upphæð 10.000 kr fyrir hvern starfsmann á skólaárinu hjá skólaþjónustu Rangárvallasýslu. Þetta var sett á til að ýta undir að starfsfólk sækir sér námskeið og hefur gefið góða raun.

Starfsmenn sóttu haustþing á Selfoss þar sem hægt var að velja fyrirlestra eftir áhugasviði starfsmanna. Allir leikskólar á Suðurlandi loka og fara á haustþing þar sem boðið er upp á fjölbreytt námskeið og fyrirlestra. Að þessu sinni gátu starfsmenn valið á milli 9 fyrirlestra og umræðuhópa sem voru allir áhugaverðir og gott innlegg í starfið okkar.

Leikskólastjóri hefur einnig sent starfsfólk á námskeið sem nýtast vel í leikskólastarfinu. Starfsmenn hafa sótt námskeið um m.a. Lubbanámsefni, hegðun og atferlismótun og kennslu yngstu barna svo eitthvað sé nefnt.

Starfsdagar

Eins og fram kemur í verklagsreglum leikskólans er leikskólinn lokaður 4 daga á ári vegna skipulagsdaga, 4 daga eftir hádegi vegna starfsmanna- og samráðsfunda og 1 námskeiðsdags á hverju skólaári. Þeir eru ákveðnir að hausti og skráðir á skóladagatal leikskólans.

14. ágúst , lokað klukkan 13:00 – starfsmannafundur og deildarfundir

10. september , starfsdagur – Jakob frá vinnuvernd kom og var með námskeið um starfsánægju, starfsanda og hvað starfsmenn gætu gert til að efla starfsanda á vinnustað. Í lok dags voru deildarfundir

9. nóvember , starfsdagur , Byrjað á starfsmannafundi og farið yfir ýmis mál varðandi leikskólann og starfið. Persónuverndarfulltrúi sveitafélagsins frá Dattaca labs kom og sagði frá nýju persónuverndarlögunum sem tóku í gildi fyrr á árinu. Starfsmenn gátu spurt um ýmsa þætti innan leikskólans sem tengjast inná persónuverndarlögin. Í lokin var starfsmannafundur. Helga Lind frá félagsþjónustunni var með erindi um barnavernd og

skyldur okkar gagnvart tilkynningaskyldu og hvað á að tilkynna. Starfsmenn fengu tækifæri til að spyrja vel um þetta mikilvæga málefni. Í lok dag voru svo deildarfundir.

19. desember , lokað klukkan 13:00 – Starfsmannafundur

21. febrúar , starfsdagur – farið yfir stefnu leikskólans, farið yfir my time plan sem er nýtt viðverukerfi sem tekið var í notkun í október. Eyrún starfsmaður my time plan kom og fór yfir kerfið. Smiðjur þar sem starfsmönnum var skipt í hópa og prufuðu ýmsar tegundir af föndri og öðru sem starfsmenn höfðu útbúið. Í boði var ípad kennsla, þæfing, hreyfing, sérkennsla sýndi spil og hvernig best sé að nálgast það að spila við börnin, smiðja með verðlausum efnivið og hvað hægt sé að gera með hann.

29. mars , lokað klukkan 13:00, deildarfundir og mjög stuttur starfsmannafundur

26. apríl , lokað klukkan 13:00, starfsmannafundur og deildarfundir

31. maí , starfsdagur, tiltekt í leikskólanum, starfsmannafundur og deildarfundir.

14. júní , lokað klukkan 13:00, Endurmat á síðastliðnum vetri og næsti vetur skipulagður.

Börn

| Fæðingarár | Nemendur |
|------------|----------|
|------------|----------|

| | |
|------|----|
| 2013 | 21 |
|------|----|

| | |
|------|----|
| 2014 | 27 |
|------|----|

| | |
|------|----|
| 2015 | 16 |
|------|----|

| | |
|------|----|
| 2016 | 14 |
|------|----|

| | |
|------|----|
| 2017 | 17 |
|------|----|

| | |
|------|---|
| 2018 | 4 |
|------|---|

Alls 99

Barnafjöldi í lok apríl 2019

| | Fjöldi nemenda | Samtala barngilda | Heil barngildi | Dvalargildi | Deildargildi | Hluti af heild |
|------------|----------------|-------------------|----------------|-------------|------------------|----------------|
| 2019-06-01 | 99 | 91,00 | 88,28 | 706,27 | 3,68 | 8,98% |
| 2019-05-01 | 99 | 91,00 | 88,28 | 706,27 | 3,68 | 8,98% |
| 2019-04-01 | 97 | 86,00 | 83,41 | 667,27 | 3,48 | 8,80% |
| 2019-03-01 | 96 | 85,20 | 82,61 | 660,87 | 3,44 | 8,71% |
| 2019-02-01 | 96 | 85,20 | 82,61 | 660,87 | 3,44 | 8,71% |
| 2019-01-01 | 89 | 74,90 | 73,87 | 590,99 | 3,08 | 8,08% |
| 2018-12-01 | 88 | 108,40 | 107,30 | 858,40 | 4,47 | 7,99% |
| 2018-11-01 | 88 | 108,40 | 107,30 | 858,40 | 4,47 | 7,99% |
| 2018-10-01 | 86 | 106,30 | 105,30 | 842,40 | 4,39 | 7,80% |
| 2018-09-01 | 92 | 99,70 | 99,70 | 797,60 | 4,15 | 8,35% |
| 2018-08-01 | 86 | 90,50 | 90,03 | 720,20 | 3,75 | 7,80% |
| 2018-07-01 | 86 | 90,50 | 90,03 | 720,20 | 3,75 | 7,80% |
| Samtals | 1102 | 1117,1 | 1098,7175 | 8789,74 | 45,7798958333333 | 100 |

Sérkennsla

Á þessu skólaári ákváðum við að breyta og setja í svokallað sérkennsluteymi. Það myndi nýtast inná deildum sem og í einstaklingsþjálfun fyrir börnin. Í teyminu voru Gréta Helgadóttir sem hafði yfirumsjón með sérkennslumálum, Sólrún Lilja Pálsdóttir og Helga Kristín Sigurbjörnsdóttir. Helga Kristín fór í fæðingarorlof fljótlega eftir áramót og Harpa Sif Þorsteinsdóttir tók við þeirri stöðu fram að sumarfríi.

Börnin hafa annað hvort fengið íhlutun í formi einstaklingsvinnu eða í hópavinnu á deild. Hóþþjálfun inni á deild felur í sér að sérkennarar eru hluti af deildinni og taka nokkra einstaklinga saman í t.d fínhyfivinnu, spilastund, lestrarstund, félagsfærniæfingar og þess háttar, allt eftir þörfum einstaklinga í hvert sinn. Við lögðum áherslu á að börnin væru ekki tekin út af deild nema að brýn nauðsyn væri til og helst unnum við með börnunum í gegnum leik inná deildum eða á sameiginlegu svæðunum sem við höfum yfir að ráða.

Jólamánuður

Hefðbundið adventukaffi var fyrstu vikuna í desembermánuði. Foreldrum var boðið í kaffi og var boðið uppá rúnstykki og kakó með rjóma. Þetta heppnaðist mjög vel og allir gengu saddir og sælir út.

Kirkjuheimsókn í Stórolfshvolskirkju var í desember. Þar tóku á móti okkur sóknarpresturinn séra Öundur ásamt Önnu Kristínu og aðstoðarmönnum og fræddu þau okkur um jólin og jólahald og sungnir voru jólasöngvar.

Jólaball var haldið 13. desember í leikskólanum í sal leikskólans í litla Dímon. Ballið var tvískipt, fyrst voru yngstu börnin og þau fóru á sínar deildir og þá komu eldri deildirnar. Dansað var í kringum jólatré við frábæran undirleik og söng Markúsar afa Kristjáns og Markúsar Eyberg. Jólasveinar voru á vegum björgunarsveitarinnar og komu með gjafir í poka sem foreldrafélagið aðstoðaði þá með.

Hefðir

Porri var blótaður og börnin smökkuðu þorramat með víkingakórónur á höfði. Héldum sameiginlega söngstund og kennarar léku Búkollu við mikinn fögnuð barnanna. Tókst þetta mjög vel og allir sátir.

Í leikskólanum borðuðum við bollur í hádegismat og rjómobollur í síðdegishressingu.

Saltkjöt og baunir voru á boðstólum á Sprengidaginn.

Á Öskudaginn er hefð fyrir því að allir mæta í náttfötum, komi með leikföng að heiman, kötturinn sleginn úr tunnuni, horft á video / DVD og boðið upp á grænmeti og ídýfu.

Einu sinni í mánuði var litavika en þá var unnið með einhvern ákveðinn lit í skapandi starfi og svo í lok vikunnar þá komu börn og starfsmenn í einhverri flík eða með fylgihlut í þeim lit sem búið var að vinna með. Einnig voru nokkrir viðburðardagar t.d. ömmu og afa kaffi

Ljósadagur var hjá okkur í janúar. Börnin komu með vasaljós í leikskólann og fóru snemma út í myrkrið að leika sér. Inni hélt leikurinn svo áfram fram eftir degi og myndvarpar komu að góðum notum við áframhaldandi leik með ljós og skugga. TM gaf okkur endurskinsmerki fyrir öll börnin sem við höfðum hengt úti garð og síðan fóru börnin út að leita.

Við vorum með vísindaviku í febrúar og settum allt hópastarf á bið og gerðum ýmsar tilraunir.

Útskrift

Í ár útskrifuðum við 21 nemanda og fór athöfnin fram í félagsheimilinu Hvolnum. Börnin sungu 2 lög undir stjórn Sæbjargar Evu Hlynsdóttur tónlistarkennara og uppskáru mikið lófaklapp en þau höfðu verið í tónlistarkennslu hjá Sæbjörgu í vetur. Mikill fjöldi aðstandenda mætti til að fagna með okkur í tilefni dagsins. Leikskólastjóri byrjaði athöfnina á stuttri ræðu, börnin sungu og deildarstjóri hélt smá ræðu. Börnin feng afhenta ferilmöppu, viðurkenningaskjal og plöntu sem Suðurlandsskógar gáfu okkur fyrir tilefnið. Eftir útskrift var boðið upp á kaffi, djús og skúffuköku.

Útskriftaferð

Börnin fengu að velja hvað þau vildu gera og hver matseðill dagsins yrði. Flest börnin völdu að leika sér og því einkenndist dagurinn af leik. Börnin fóru í rútuferð og stoppað á ýmsum stöðum t.d. við Seljalandsfoss þar sem börnin og kennarar skoðuðu fossinn og fóru í göngu. Börnin borðuðu hádegismatinn í Smáratúni sem þau völdu sjálf áður en ferðin hófst og svo var farið í Þorsteinslund þar sem þau léku sér og sulluðu í læknum. Að lokum fóru þau á N1 þar sem þau fengu ís í tilefni dagsins.

Íþróttir

Í tveimur elstu árgöngum fara í íþróttahúsið einu sinni í viku. Aðrir fara uppá loft í íþróttatíma.

Í lok ágúst vorum við með íþróttadag þar sem lögreglan kom og keyrði í fararbroddi þegar nemendur og starfsfólk hlupu hring um nærliggjandi götur. Þrautir voru settar upp í garðinum af starfsfólki og svo fengu allir melónu eftir hlaupið.

Dagur leikskólans

Dagur leikskólans var 6. febrúar og héldum við uppá daginn með því að börn og starfsmenn teiknuðu sjálfsmynd og myndirnar voru settar á plaggöt og fengum við leyfi til að setja plaggötin upp í hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum innan Hvolsvallar. Þetta gerðum við til að vekja athygli á leikskólanum og þeirri skemmtilegu starfsemi sem þar fer fram.

Foreldrasamstarf

Fréttabréf senda deildarstjórar út reglulega til foreldra og eins eru einhverjar fréttir settar á heimasíðu leikskólans. Facebook síða leikskólans hefur þó tekið yfir að miklu leyti. Hver deild er með eigin síðu auk þess sem ein aðalsíða fyrir leikskólann í heild er til. Þessar síður hafa gefist vel og auka á samskipti foreldra og kennara.

Kynningarfundir á vetrarstarfinu voru haldnir fyrir foreldra. Að þessu sinni voru deildar með fund sitthvorn daginn milli kl 15 og 16. Það gafst ágætlega en mæting hefði getað verið betri þó hún hafi verið misjöfn milli deilda.

Foreldraviðtöl fóru fram í kringum afmælisdag barnanna og dreifast því yfir árið. Einnig eru kennarar boðnir og búnir að veita viðtöl ef foreldrar óska eftir þeim.

Bókasafn

Í upphafi haustannar fengum við bókakassa í öll húsin. Þar geta börn og foreldrar tekið bók, lesið hana og skilað henni aftur í kassann. Kassarnir voru svo sóttir í júní af forstöðumanni bókasafnsins.

Tónlistaskóli

Samstarf er við Tónlistarskóla Rangæinga um kennslu elstu barna leikskólans. Einu sinni í viku kemur kennari frá þeim og tekur þessa nemendur í hópavinnu. Unnið er með hópana allan veturinn og í lokin stýrir kennarinn tónlistaratriði á útskriftarathöfn hópsins.

Grunnskóli

Markmiðið með samstarfi skólastiganna er að auka samvinnu og brúa bilið milli skólastiganna. Við viljum viðhalda tengslum milli elstu barna á leikskólanum og yngstu barna í grunnskólanum og kynna væntanlegan starfsvettvang fyrir leikskólabörnunum. Þannig stuðlum við að meira öryggi og auðveldum þeim aðlögun að nýjum aðstæðum. Einnig er unnið að því að kennarar og starfsfólk skólanna kynnist gagnkvæmt þeim aðstæðum og aðferðum sem eru viðhafðar á hvoru skólastigi fyrir sig en það er grundvallaratriði við áframhaldandi þróun samstarfsins.

Skólarnir 2 samræma skóladagatöl sín eins og kostur er og eru þau unnin í sameiningu. Þannig er leitast við að starfsdagar lendi á sömu dögum eða á frídögum hjá öðrum hvorum skólanum og því um færri daga að ræða sem foreldrar þurfa að leysa vegna lokana.

Um leið og barn hefur sitt seinasta skólaár í leikskólanum Örk hefst brúun á milli skólastigana í Rangárþingi eystra. Brúun þessi er unnin með foreldra jafnt sem börn í huga og hófst í raun með foreldrafærninámskeiði sem var haldið í leikskólanum og mættu foreldrar vel. Á þessu námskeiði er fræðsla um hvernig unnið er með elsta hópinn um veturinn og fengu foreldrar elstu nemendanna bækling þar sem kemur fram allt skipulagt starf með elstu börnunum og hvernig samstarfinu við Hvolsskóla verði háttað ásamt mikilvægum dagsetningum.

Skólafærninámskeiðin eru 3 og eru í stöðugri þróun. Markmiðin með þessum námskeiðum eru:

- *Að stuðla að vellíðan og öryggi nemenda á mörkum skólastiga*
- *Að væntanlegir grunnskólanemendur fái margvísleg tækifæri til að kynnast aðstæðum og umhverfi Hvolsskóla.*
- *Auðvelda grunnskólakennara að byggja á því sem nemendur hafa lært í leikskólanum og miða þannig að aukinni samfelli milli skólastiganna,*
- *Stuðla að samstarfi starfsmanna beggja skólastiga og auka skilning og virðingu þeirra fyrir starfi hvers annars.*

Skólafærninámskeið númer I var haldið í leikskólanum Örk.

Skólafærninámskeið númer II var haldið í Hvolsskóla og var vel sótt.

Á foreldrafærninámskeiði III voru foreldrar og börn boðuð í Hvolsskóla

2 elstu árgangarnir fóru einu sinni í viku í íþróttahús þar sem kennarar sáu um íþróttir.

Fjórum sinnum borðuðu nemendurnir í mötuneyti Hvolsskóla til að æfa börnin að vera í því umhverfi.

Þemadagar voru í Hvolsskóla í lok apríl og stóðu yfir í 3 daga. Elstu börn leikskólans tóku þátt. Á þemadögum blandast leikskólabörnin með yngsta stigi Hvolsskóla og er unnið í aldursblönduðum hópum í mismunandi smiðjum.

Um leið og vitað er hver er væntanlegur grunnskólakennari elstu barna á leikskóla er honum boðið í leikskólann að fylgjast með börnunum í leik og starfi. Að hausti fara

leikskólakennarar í heimsókn að fylgjast með hvernig gengur hjá nemendum sem eru útskrifaðir af leikskólanum og orðnir grunnskólanemendur í 1. bekk.

Í lok hvers skólaárs er samstarfið metið af grunn og leikskólakennurum og matið nýtt fyrir þróun næsta árs. Þetta samstarf gengur vel og er öllum sem að því koma til mikils sóma.

Nemar

Í 9. og 10. bekk Hvolsskóla er val þar sem nemendur geta valið sér m.a. vinnustað og er leikskólinn Örk einn af þeim. Við höfum verið svo heppin að fá nemendur til okkar í þessu vali. Nemarnir koma einu sinni í viku í 2 kennslustundir í senn. Þannig fá þeir innsýn í starf í leikskóla og vonandi kveikir það löngun í einhverjum til að mennta sig í faginu. Samstarfið hefur gengið afar vel. Það þarf þó að huga að því að deildarstjórar hafa verið í undirbúning þegar nemar koma og því þarf að færa tímana til fyrir næsta ár.

Félags og skólaþjónusta

Við Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu starfa Edda Antonsdóttir stjórnandi og kennsluráðgjafi grunnskóla og Halldóra Helgadóttir leikskólaráðgjafi. Einnig starfar Arnheiður Dögg Einarsdóttir við skólaþjónustuna sem náms- og starfsráðgjafi. Sérfræðingar skólaþjónustunnar sinna greiningum á börnum í leik- og grunnskóla, m.a almennu þroskamati, mati á hegðun og líðan, málþroskamati og námslegum greiningum. Þeir veita ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla, m.a almenna uppeldisráðgjöf, ráðgjöf vegna skipulags náms og kennslu einstakra nemenda og uppeldisráðgjöf. Þeir sinna auk þess eftirfylgd með nemendum í kjölfar greininga og sitja í teymlum um börn með fatlanir, námserfiðleika og aðrar sérþarfir. Sálstofan hefur séð um að sinna greiningum þar sem sálfræðingur skólaþjónustunnar fór í ársleyfi í desember 2018. Það hefur gengið vel.

Skólaþjónustan sér einnig um endurmenntun og fræðslu fyrir starfsfólk skólanna, bæði í formi styttri funda og umfangsmeiri námskeiða. Kennsluráðgjafi Skólaþjónustunnar hefur einnig skipulagt fundi fyrir sérkennslu starfsfólks, stjórnendur og leikskólastjórnendur.

Málum er vísað til Skólaþjónustu á til þess gerðum eyðublöðum sem hægt er að sækja á heimasíðu Skólaþjónustunnar; www.skolamal.is. Til að skólar geti vísað málum einstakra barna til sérfræðinga skólaþjónustu þarf skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna þeirra að liggja fyrir. Foreldrar geta einnig snúið sér beint til skólaþjónustunnar án milligöngu skóla.

Halldóra leikskólaráðgjafi kemur í leikskólann einu sinni í viku og sinnir þar ráðgjöf og teymisvinnu. Umsjónarmaður sérkennslu hefur yfirumsjón með sérkennslumálum. Auk hans sinna 2 starfsmenn sérkennslumálum í hópa og einstaklingstímum barna inni á deildum. Hóppjálfun inni á deild felur í sér að sérkennarar eru hluti af deildinni og taka nokkra einstaklinga saman í t.d. fínhyfivinnu, spilastund, lestrarstund, félagsfærniæfingar og þess háttar, allt eftir þörfum einstaklinga í hvert sinn.

Mat á skólaári síðasta árs

Þetta skólaár var tekið í að efla starfsánægju starfsfólks. Allir fóru á námskeið hjá Jakobi frá vinnuvernd og í kjölfarið var útbúinn samskiptasáttmáli sem starfsmenn skrifuðu undir. Við lögðum mikla áherslu á að efla starfsánægju og fá fólk til að segja strax frá ef það var ósátt frekar en að geyma það hjá sjálfum sér. Einnig var mikið lagt upp úr því við starfsmenn að spyrja „hvað get ég gert“? ef eitthvað var að. Ekki kenna öðrum um því samskiptin byrja hjá mér. Einnig var mikið lagt upp úr að bjóða góðan dag og svo að þakka fyrir daginn í lok vinnudags.

Lengri undirbúningstími deildarstjóra hélst óbreyttur og allir starfsmenn fengu undirbúning. Hvatt var til lestrar á greinum og fréttum á facebooksíðu starfsmanna. Mikil vinna hefur farið í að skýra verkferla innan leikskólans. Samræma hvað skal gera ef t.d. barn sýnir erfiða hegðun eða ef grunur vaknar um þroskafrávik.

Farið var í að setja nýtt viðverukerfi fyrir starfsfólk sem kallast my time plan. Með þessu kerfi skráir starfsmaður sig inn að morgni og út að vinnudegi loknum. Einnig skrá stjórar inn frí og skrepp og starfsmenn sjá sínar vaktir á appi sem þeir setja í símann. Í framhaldi var útbúið eyðublað fyrir beiðnir um frí og hafa stjórar 5 daga til að svara. Þegar og ef frí er veitt er það skráð í my time plan og starfsmaður sér það einnig á appinu sínu.

Ýmislegt breyttist vegna nýju persónuverndarlaganna. Útbúa þurfti vinnsluskrá og var það gert með góðri hjálp persónuverndarfulltrúa sveitafélagsins. Gömlum facebook síðum var eytt og útbúnar nýjar fyrir hverja deild og svo ein aðalsíða. Foreldrar geta ekki

skrifað á síðuna en geta skrifað undir þær fréttir sem settar eru inn af leikskólastjóra eða deildarstjórum. Á þessum síðum eiga engar persónugreinanlegar upplýsingar.

Heimasíða er enn í vinnslu og eru settar inn fréttir og annað eftir því sem náðist að yfirfara.

Verið er að yfirfara alla verkferla, áætlanir og eyðublöð. Unnið er að handbók fyrir starfsfólk og á það að vera uppflettirit þar sem hægt er að nálgast þær upplýsingar sem það sem skiptir máli í leikskólastarfi okkar.

Í vetur höfum við haft tvo fundi með leiðbeinendum þ.e. leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri og þá hefur faglærða fólkið verið úti með börnin á meðan.

Fundirnir hafa heppnast vel og var kallað eftir því að halda þrjá fundi á næsta skólaári og ætlum við að reyna að verða við því.

Fagfundir eru ætlaðir fagfólki leikskólans og hafa verið annan mánudag í mánuði og verður áframhald á þeim. Þarna gefst fagfólki kostur á að ræða fagleg málefni og fara yfir verkferla og annað sem til fellur.

Veturinn hefur gengið vel, veikindi starfsfólks hafa verið töluverð og höfum við stundum þurft að færa fólk á milli til að jafna út milli deilda. Aldrei hefur komið til þess að við höfum þurft að nýta heimsendingar barna vegna manneklu. Það kemur til af því að við erum vel mönnum og þetta hafa ekki verið margir dagar í senn.

Ekki náðist að fara yfir allar áætlanir og yfirfara. Áfallateymi er komið af stað með endurskoðun á áfallaáætlun, heilsueflingateymi er komið af stað með heilsueflingu innan leikskólans og búið að fara yfir alla gátlista. Næst hefst innleiðingafæri sem tekur nokkur ár. Deildarstjóri, yfirmaður sérkennslu, leikskóla og aðstoðarleikskólastjóri hafa hist reglulega og farið yfir þau eyðublöð sem þarf að nota í starfi, sumu þurfti að breyta en annað getur staðið áfram. Haldið verður áfram í þeirri vinnu á næsta skólaári.

Rými og búnaður

Ýmislegt var keypt til að uppfæra og laga vinnuaðstæður.

- 6 stólar í undirbúningsherbergi
- Hillur undir spil sem staðsett er í bókasafni
- Útileikföng endurnýjuð
- Spil endurnýjuð
- Ýmsar tegundir kubba (opinn efniviður)

Innra mat

Við höfum unnið að breytingum á matskerfi okkar undanfarin ár. Við gerum foreldrakönnun ár hvert og er sama könnun lögð fyrir í leikskólum umdæmis skólaþjónustu á svæðinu.

Leikskólastjórar á svæði skólaþjónustunnar hafa hist reglulega í vetur og gerðu saman bæði foreldra og starfsmannakönnun og ætlunin er að leggja þessar kannanir fyrir einu sinni á ári. Auk þess að þróa hvernig mat við viljum hafa og að það gefi okkur sem mestar og bestar upplýsingar sem hægt er að nýta til að gera starfið betra. Í ár var lögð áhersla á samskipti og samstarf.

Að auki er starfið metið reglulega á deildar og starfsmannafundum. Eins er þroski og nám barna metið reglulega yfir allt árið í tengslum við foreldraviðtöl.

Foreldrakönnun

Kom að mestu vel út. Almennt eru foreldrar ánægðir með starfið í leikskólanum, samstarfið milli heimilis og skóla og samskiptin milli heimilis og skóla.

Foreldrar voru sammála um að þeim þætti barni sínu líða vel í leikskólanum. Vel tekið á móti barninu og kvatt hlýlega í dagslok. Foreldrum finnst þeir velkomnir í leikskólann og finnst vel unnið með barnið og þörfum þess mætt.

Þeim fannst vel brugðist við ef ábendingar kæmu um vanlíðan eða annað varðandi barnið.

Talað var um að húsnæði leikskólans stæðist ekki kröfur nútímans.

Þyrfti að uppfæra matseðil og bæta við meira að mat elduðum frá grunnni.

Húsnæði leikskólans brann á foreldrum og bílastæðamál við leikskólann einnig.

Fólk vildi sjá matseðil mánuð í senn og að hann yrði sýnilegri á heimasíðu.

Starfsmannasamtöl:

Nánast allir starfsmenn fóru í starfsmannasamtöl. Gengu þau nokkuð hratt og vel og stóðust tímasetningar að mestu leyti. Almenn ánægja virtist vera meðal starfsmanna og í hópnum.

Vinumórall góður. Nokkrir starfsmenn nefndu þó að þeir vildu breyta til, ýmist fara á eldri eða yngri deild. Reynt var að taka tillit til þessa eins og hægt var við uppröðun á deildar fyrir næsta vetur.

Samskipti voru flestum hugleikin. Í leikskólastarfi er mikil nánd í starfi og finnst fólki að það þurfi sífellt að vera að vinna í starfsmannamálum og minna á góð samskipti sem og að vinna í andlegri heilsu starfsfólks.

Starfsfólk kom misvel undirbúið í samtölin, sumir höfðu lítið að segja og voru almennt nokkuð sáttir á meðan aðrir komu með punkta sem þeir vildu minnst á.

Starfsfólk kallaði eftir því að deildarfundir yrðu reglulega en þeir höfðu ekki verið haldnir reglulega síðasta vetur og starfsfólk vildi hafa vettvang til að ræða ýmis málefni sem tengjast deildinni þeirra.

Í starfsmannakönnun var farið yfir samskipti og samstarf innan leikskólans. Mjög margir töluðu um að starfsandi væri góður og að gott væri að leita til deildarstjóra og leikskólastjóra með sín mál. Enn og aftur var fjallað um að fleiri deildarfundir vantaði og að upplýsingaflæði innan leikskólans mætti vera betra. Starfsfólk vissi margt ekki hvort það væri að fá þær upplýsingar um börnin sem þau vantaði og því vantaði fleiri deildarfundir. Þegar spurt var um eitthvað sem starfsmaðurinn var sérstaklega ánægður með var mikið talað um starfsánægju, gott samstarf á deild, lubbstarfið og hvatningu til að gera enn betur í starfi. Þegar spurt var um eitthvað sem þú varst sérstaklega óánægður með var oftast talað um matinn og skort á fjölbreytni í mat, ávöxtum og grænmeti. Einnig að maturinn væri ekki eldaður frá grunni. Einnig voru nokkrir sem fjölluðu um aðstöðu leikskólans, bílastæðavandinn og fannst nokkrum starfsmönnum óþægilegt að starfsþróunarsamtöl væru með bæði leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Heilt yfir virðist starfsandinn góður og starfsmannahópurinn samheldinn.

Umbótaáætlun

Áfram höldum við með að efla og viðhalda góðum starfsanda. Við stefnum á að fara í styttingu vinnuviku til prufu í eitt ár. Við munum byrja á því í byrjun september.

Við erum að fara í þróunarverkefni með hinum leikskólunum á starfssvæði skólaþjónustunnar og munum við byrja á starfsdegi 30. ágúst n.k.

Áfram verður haldið með að efla starfsfólk til að sækja sér námskeið og jafnvel lengra nám.

Einnig verður haldið áfram að laga vinnuaðstæður starfsfólks eins og hægt er.

Það þarf að halda áfram að yfirfara eyðublöð sem notuð eru í leikskólanum og fara yfir þær stefnur sem unnið er eftir og uppfæra það sem þarf. Það þarf að gera jafnréttisáætlun og skipa í jafnréttisnefnd innan leikskólans.

Við ætlum að reyna að auka undirbúning starfsmanna þar sem góð reynsla er komin á aukinn undirbúning deildarstjóra.

Við ætlum að setja fleiri deildarfundi í skipulag þannig að brugðist verði við því að starfsfólki fannst vanta fleiri fundi með deildarstjóra til að fara yfir málefni deilda.

Viðhalda góðu foreldrasamstarfi og reyna að gera enn betur með fréttir frá leikskólanum um daglegt líf og það sem ber hæst í leikskólastarfinu.

Lokaorð

Það skiptir miklu að starfsandi sé góður og að allir komi fram við aðra af virðingu. Síðasti vetur fór mikið í að efla starfsanda og um leið efla starfið. Leikskólinn var vel mannaður þó að seinnipart vetrar og sumarið hafi verið mikið um veikindi á starfsfólki. Það hefur náð að halda undirbúning starfsfólks og mikið hefur áunnist í að fara yfir verkferla innan leikskólans og skýra þá. Þannig veit starfsfólk til hvers ætlast er til af þeim og gerir starfið gagnsærra.

Það hafa verið gerðar breytingar innan húss svo hægt sé að nýta húsnaðið betur og starfsfólk hvatt til að nýta sameiginlegu svæðin betur til að minnka álag á bæði börn og starfsfólk.

Það er gott að klára þetta skólaár glaður og ánægður með börn og starfsfólk sem hefur staðið sig gríðarlega vel í vetur. Við erum lánsöm að hafa fullmannaðan leikskóla af flottu fólki því án þeirra værum við ekki með flott starf sem hentar hverjum aldurshóp.

Við ætlum okkur að halda áfram að efla starfið og gera það enn betra.

Takk kærlega fyrir skemmtilegan vetur.

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Leikskólastjóri